


Heimsókn á Kvíabryggju

Að fara í heimsókn á Kvíabryggju er öðruvísi en að fara í heimsókn annars staðar. Það getur verið skrítið og það er alveg eðlilegt að það séu allskonar tilfinningar sem koma fram.

Til þess að fara á Kvíabryggju þá gætu þið þurft að keyra í svolítinn tíma. Kvíabryggja er rétt hjá Grundarfirði. Þið megið taka með ykkur smá snarl að heiman ef þið viljið borða í heimsókninni





Kvíabryggja lítur út eins og sveitabær, þar eru íbúðarhús, fjárhús og verkstæði. Meðfram veginum gætuð þið séð dýr eins og til dæmis kindur, geitur, endur eða hænur.

Þeir sem búa á Kvíabryggju hugsa vel um dýrin sem búa þar.





Kvíabryggja er við sjóinn og bakvið Kvíabryggju er stórt fjall sem heitir Kirkjufell.


Þegar þið komið á Kvíabryggju farið þið inn í húsið þar sem allir búa og þar tekur gott starfsfólk á móti ykkur í svörtum búningi. Þið segið hvað þið heitið og hvern þið eruð að heimsækja.





Úti er hægt að róla, sparka á milli og fara í frisbígolf. Það er líka hægt að gefa öndunum brauð og kíkja á kindurnar í fjárhúsunum og gefa þeim hey. Hægt er að fara í göngutúr, fara í fjöruna og tína skeljar.

Þegar heimsóknatímanum er lokið er gott að kveðja áður en þið gangið út í bíl.





Bæklingur fyrir börn fanga:
Heimsókn á Kvíabryggju

Fangelsismálastofnun ríkisins
2025

Höfundur:
Hekla Steinarsdóttir